


# Fálmað í innkaupapokann

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á aðföngum Listasafns Reykjavíkur á árinu sem er að líða. Sýningin ber yfirskriftina „Aðföng 1997“ en ekki „Ný aðföng“ og í rauninni er dálitið sannleikskorn fólgið í því. Ekki svo að skilja að allt sem þarna er sýnt sé eldgamalt í árum talið en nýjabrúmið er alla vega ekki áberandi.

Nú er ég alls ekki að segja að öll verkin sem keypt hafa verið séu léleg. Ég átta mig bara ekki á hvaða stefnu er fylgt við innkaupin. Bágt á ég með að trúa því að verið sé að kaupa verk til þess eins að skreyta skrifstofur borgarinnar en mest hefur þó verið keypt af smærri og meðalstórum myndum sem henta ágætlega til slíkra hluta. Skyldu geymslur safnsins vera fullar? Að minnsta kosti hefur fátt verið keypt sem ekki má rúlla upp eða renna inn í málverkarekka. Verra þætti mér ef sú væri ástæðan. Kannski er peningaskortur vandamálið en þegar fjárhagurinn er þröngur þarf fremur að skerpa stefnuna en hitt. Ég hef heyrt fólk segja ástæðuna fyrir bragðleysinu þá að skipt var um forstöðumann á árinu. Má vera. En ég get ekki varist hugsunum um íhaldssemi, óöryggi eða metnaðarleysi.

Að sjálfsgöðu er mikilvægt að safna verkum einstakra listamanna með markvissum hætti en ekki má einblína á þann þátt. Reyndar virðist mér það sjónarmið alltof ráðandi að þessu sinni. Tíðarandinn skiptir ekki síður miklu máli. Til að góma hann þarf að leita að því sem er ferskt og ögrar samtímanum, því sem fólk setur spurningarmerkin sín við – ómögulegu verkunum sem kalla á viðbrögð. (Þar á ég ekkert frekar við unga listamenn en gamla.) Það er mikilvægt að aðskilja þetta tvennt og vinna meðvitað að báðum markmiðum samhliða.



Svava Björnsdóttir. Svart og bleikt. 1996.

## Myndlist

### Áslaug Thorlacius

Sjálf hef ég aldrei axlað þá ábyrgð að kaupa inn fyrir listasafn en ég ímynda mér að það valdi manni heilabrotum – það er jú um menningarverðmæti framtíðarinnar að ræða. Hvernig finnur innkaupandi listasafnsins verðmætin? Leitar hann að þeim eða býr hann þau til með því einu að kaupa það sem hann kaupir? Lífir góða listin af hvort sem

hún er keypt eða ekki? Er list aðeins góð ef hún lifir af og er þá betra að bíða á meðan úrval tímans á sér stað? Eða kaupir hann það sem honum finnst standa upp úr, skítt með dóm sögunnar?

Einhvern veginn skortir afstöðuna og áræðnina í innkaup ársins. Og ekki dregur upphengingin úr flatneskjulegum heildarsvið sýningarinnar. Verkin njóta sín ekki. Sjá t.d. veggskúlptúra Svövu Björnsdóttur sem breiddu úr sér á

sýningu hennar í Nýlistasafninu en hanga þarna niðurlútur og aðþrengdir á endaveggnum við hliðina á kröfuhörðum myndum Harðar Ágústssonar. Hvað kæfir annað. Þetta er ein af þessum leiðinlegu sýningum sem valda því að um stund missir maður trúna á myndlistina. Það er tæpast tilgangurinn.

Ég verð nú samt að hrósa Kjarvalsstöðum fyrir svokölluð „Skyndikynni við listamenn“ en einstakir listamenn hafa verið til viðtals í hádeginu virka daga síðustu tvær vikur. Ég átti þess reyndar ekki kost að mæta sjálf en þetta er samskiptamöguleiki og góð viðbót við safnaleiðsögnina sem boðið hefur verið upp á um nokkurt skeið.

## Blóðið rennur

Ekki var samræmi milli bókartitils í umsógn Árna Óskarssonar og titils á kápumynd með umsögninni um bók Hafliða Vilhelmssonar á fimmtudaginn var. Eins og sjá mátti á myndinni heitir bókinn **Blóðið rennur til skyldunnar**, en orðið „rennur“ féll niður úr titli í greininni. Beðist er afsökunar á þessum mistökum.



## Bók um afrek

Alþjóð fylgdist grannt með því í vor þegar þrír ungir Íslendingar, Björn Ólafsson, Einar Stefánsson og Hallgrímur Magnússon, klifu á sjálfan Everest-tind, 8.848 metra yfir sjávarmáli. Þeim til aðstoðar á ferðalaginu var Hörður, bróðir Hallgríms. Hann skrifaði frásögn af ferðalaginu sem nú er komin út í bók, fleyguð viðtölum við þá félagar og brotum úr dagbókafærslum þeirra. Bókina þrýða um 230 litmyndir sem þeir félagar tóku og lýsa þessu ævintýri betur en mörg orð gætu gert einnig kort og skýringarmyndir.

Í bókinni Everest kemur vel fram hve geysilega erfið raun ferðin var og hvað slíkt þrekvirki reynir á marga þætti í eðli mannsins, þolgæði og geðþrýði ekki síður en líkamlegt þrek. Sagan er einleglega sögð og frásögnin nákvæm og gefur þess vegna ómetanlegar upplýsingar um fjallgöngur fyrir garpa framtíðarinnar.

Mál og menning gefur bókina út.



## Að hætti Sigga Hall

Siggi Hall matreiðslumaður hefur gefið út bók með völdum uppskriftum úr sjónvarpsþáttum sínum á Stöð 2, **Að hætti Sigga Hall**. Bókin skiptist í átta kafla eftir efni; súpur, forréttir, salatréttir, smáréttir, fiskréttir, kjötréttir, kjötréttir, soð og sósur og loks eftirréttir. Uppskriftirnar eru vel settar upp, leiðbeiningar skýrar og stórar litmyndir eru af mörgum réttunum.

Íslenska útvarpsfélagið gefur bókina út.



## Bók frá paradís

Safari paradísin Kenýa heitir ferðabók eftir Oddnýju Sv. Björgvins sem Fjölvi gefur út. Þeir sem lesa reglulega ferðablað Morgunblaðsins kannast við höfundinn sem hefur víða farið. Í bókinni segir hún frá safariferð til Kenýa þar sem hún komst í návígi við flá, ljón og nashyrninga, heillaðist af töfrum sléttunnar þar sem hjarðir reika um völl og kom í þorp Masai-ahirðingja. Hún heimsótti búgarð Karenar Blixen, bústaði Joy Adamson sem fóstur- og fjölskyldu Elsu og fræg varð af kvikmyndum og fór að hinu helga Kenýafjalli. Í bókinni eru fjöldamargar ljósmyndir eftir Oddnýju og Shailesh Chandaria og yfirlitsskort af Kenýa.

Þetta er fjórða bókinn í ferðabókaflokki Fjölvá, Leitandi útþrá. Áður eru komnar bækur um Grikkland og Írland eftir Sigurði A. Magnússon og Á ævintýrasiglingu með Odysseifi eftir Tim Severin.



# Til fundar við einstakan mann

Sagnfræðirit eru margs konar. Sum heyra til svokallaðri frásagnarsagnfræði. Þar er lífandi frásögn í öndvegi en ekki er lagt kapp á að setja fram víðtækar kenningar þó að heimildarannsóknir geti verið miklar. Sem dæmi um frásagnarsagnfræðinga sem hafa samþætt gagnrýna hugsun og heimildameferð fræðimannsins og ritsnilld rithöfundarins af list er hin bandaríska Barbara Tuchman.

Íslendingar hafa átt góða frásagnarsagnfræðinga sem þó hafa verið mismiklir fræðimenn, sumir hafa einkum endursagt prentaðar heimildir en aðrir leitað fanga sem víðast. Guðjón Friðriksson hefur heyrt til síðari hópnunum, unnið mikla rannsóknarvinnu en aldrei á kostnað fjörmikillar og leikandi frásagnar. Það er á engan hallað þegar sagt er að Guðjón sé einn fremsti frásagnarsagnfræðingur sem Íslendingar hafa átt.

Nú hefur hann ráðið til atlögu við einn sérstæðasta Íslending þessarar aldar, skáldið, athafnamanninn, stjórnmálamanninn, blaðamanninn og sýslumanninn Einar Benediktsson. Þó að heilmikið hafi verið ritad um Einar fyrr og síðar var jafn rækileg greinandi ævisaga hans og þessi fyllilega tímabær og vonandi lýkur verkinu með sama glæsibrag og farið er af stað.

Hvernig hefur svo tekist til í þessu fyrsta bindi? Guðjón rekur hér sögu Einarars fyrstu 43 árin, fram til 1907, og er af mörgu að taka. Við sögu koma meðal annarra foreldrar Einarars og Þorbjörg, föðursystir hans, auk allmargra mikilmenna sem samtíða voru Einari. Guðjóni tekst mjög vel að draga upp mynd af mörgum þess-

ara manna, t.d. systkinunum Benedikt og Þorbjörgu og Grími Thomsen. Þetta er forvitnilegt fólk sem menn munu seint þreystast á að lesa um. Guðjón dregur einnig upp lífandi aldarfararmynd og nýtur þar þekkingar sinnar á sögu Reykjavíkur.

Þá er það Einar sjálfur. Sjálfum hefur mér jafnan vírst Einar Benediktsson vera með eindæmum þversagnakenndur maður og torskilinn. Það er höfudverkefni Guðjóns að lýsa honum og að mörgu leyti bregður hann aukinni birtu á hann. Þannig hefur ekki áður verið gerð jafn skýr grein fyrir jafnaðarmanninum Einari Benediktssyni. Einnig finnst mér lofsvert að Guðjón leynir engu sem gæti varpað skugga á Einar, t.d. fjármálavafstri sem var Einari ekki alltaf til sóma, og ekki verður þess vart að hann halli á aðra sem deildu við Einar. Þetta er meðal þess sem gerir Guðjón að fyrsta flokks ævisagnaritara. Sjálfum þykir mér eigi að síður að Guðjón nái enn þá ekki sama sambandi við Einar Benediktsson og hann náði við Jónas frá Hriflu. Þessi saga Einarars er ótvírætt með bestu ævisögum en mér finnst hún ekki hátindurinn á ferli Guðjóns Friðrikssonar. Má vera að það sé smekksatriði.

Hvað sem því líður er nautn að njóta svo vandaðs verks. Vinnubrögð Guðjóns og ekki síst frásagnaraðferð hans munu verða öðrum ævisagnaritunum til fyrirmyndar.

Guðjón Friðriksson:  
Einar Benediktsson. Ævisaga I  
Íðunn 1997

## Bókmenntir

### Ármann Jakobsson



Margrét Guðmundsdóttir í hlutverki Guðríðar Simonardóttur.

## Síðasta heimsókn

Á fimmtudagskvöldið kemur, 18. desember, verður leikritið Heimur Guðríðar – Síðasta heimsókn Guðríðar Simonardóttur í kirkju Hallgríms – sýnt í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Dagurinn og staðurinn eru valdir til þess að heiðra minningu Guðríðar sem lést í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd þennan dag árið 1682. Sýningin hefst kl. 21.

Leikritið Heimur Guðríðar er eftir Steinunni Jóhannesdóttur og var frumsýnt á Kirkjulistahátíð í Reykjavík sumarið 1995. Síðan hefur það verið sýnt í fjölmörgum kirkjum um allt land og farið í leikferð til London. Í verkinu er rakin ævi- og píslarsaga Guðríðar Simonardóttur, sjómannskonu úr Vestmannaeyjum, sem var í hópi tæplega 400 Íslendinga sem rænt var í Tyrkjaráninu 1627. Hún var ein af fáum sem komust aftur heim en á þeirri leið kynntist hún ungu prestsefni í Kaupmannahöfn, Hallgrími Péturssyni, eins og alþekkt er.

Margrét Guðmundsdóttir leikur Guðríði eldri, Helga E. Jónsdóttir leikur hana á yngri árum, og Þröstur Leó Gunnarsson er í hlutverki Hallgríms. Steinunn leikstýrir sjálf verki sínu.